

Framkvæmdaráðsfundur

12. mars 2008

Fundargerð

Framkvæmdaráð SSA 12. mars 2008 kl. 12.00

Símafundur. (Áður boðuðum fundi 7. mars var frestað)

Mættir eru: Bj. Hafþór Guðmundsson, Ólafur Ármannsson og Guðmundur R. Gíslason.
Framkvæmdastjóri er mættur.

Dagskrá .

1.Fundarsetning.

Formaður setti fund og gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár.

2 Fundargerð stjórnar SSA frá 18. janúar 2008.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

BHG og ÓÁ sögðu að fundur Stjórnar S.Í.Sv með stjórn SSA að loknum stjórnarfundum SSA hafi verið gagnlegur . Ekkert nýtt kom þar samt fram, sem gefur tilefni til að ætla að aukinn sé skilningur ríkisvaldsins á t.d. rýmri tekjustofnum sveitarfélaganna.

Uppgjör eldri mála s.s. refa og minkaveiðar og húsaleigubætur liggja ekki fyrir. Vinna starfsnefnda s.s.verkaskiptanefndar, endursk. jöfnunarsjóður(fjármálareglur) eru í miklum hægagangi . Stjórnsýslubreytingin nú um sl. áramót , þar sem sveitarstjórnarmálin fluttust úr Félagsmálaráðuneytinu yfir í Samgönguráðuneytið flýttir ekki fyrir vinnunni og samskiptunum.

Nú liggur fyrir um miðjan mars. að stjórn Sambands ísl sveitarfélaga hefur einungis heimsótt Austurland/ SSA, en áform þeirra eru uppi um að heimsækja alla landshluta.

3 Frá Landshlutasamtökum ´

3/1 Eyþing : Fundargerð stjórnar 191 15.febrúar 08

Lögð fram til kynningar .

3/2 SASS Fundargerð auka-aðalfundur 15. febrúar 08

Lögð fram til kynningar.

3/3 Fundur form. og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna 3. apríl 08.

Formaður sagði frá því að nú leiddi SSA þetta samstarf landshlutasamtakanna í ár .

Gert er ráð fyrir því að ræða m.a. stöðuna í fjarmálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga – frumvörpin um skóla og skipulagsmál og sumarfundinn sem nú verður á Austurlandi í júní n.k.

4. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

4/1 Fundargerð stjórnar 750. fundur 18.01. 08 og 751.fundur 22.02.08 .

Lagðar fram til kynningar.

Liðir 751. fundar 5.-6.-7.-8.-og 11. ræddir og nauðsyn þess að Landsþingið 4. apríl tali skýrt til ríkisvaldsins .

17.liður Framkvæmdastjóri sem situr í starfshópi um málefni innflytjenda sagði frá vinnu strafshópsins (sjá 4/6)

4/2 Sveitarstjórnarlögin með skýringum br. 29. janúar 08

Lagt fram til kynningar

4/3 Umsagnir um frumvörp/

leikskóla –grunnskóla –framhaldsskóla 31.01.08 og 372. mál frístundabyggð.

Lagt fram til kynningar (Sjá samþykkt stjórnar frá fundi 18. jan.sl. 8./ liður.)

4/4 Samráðs-fundur Launaneftdar sveitarfélaga á Reyðarfirði 12. febrúar sl

Framkvæmdastjóri sagði lauslega frá fundinum þar sem hann var fundarstjóri.

4/5 Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 4. apríl 08 Hilton Nordica Reykjavík.

Dagskrá liggur ekki fyrir : Gert er ráð fyrir því að aðildarsveitarfélög SSA sendi öll fulltrúa sína á Landsþingið.

4/6 Stefnuþing Sambands ísl. sveitarfélaga í málefnum innflytjenda

Bréf 5.febr. 08. til sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri sem situr í starfshópnum sagði frá vinnu hans Einnig ræddi hann tengingu við verkefnið í Fjarðabyggð og eftirfylgnisteymi SSA.

Hann sagði mikla grósku vera í undirbúningi og vinnu til að efla og styrkja þjónustu við innflytjendur á Austurlandi Fjölmenningarsetur Íslands hefur nýlega ráðið Helgu Steinsson f.v. skólameistara VMA.til starfa hér á Austurlandi og Alþjóðahúsið hyggst efla þjónustu sína við landshlutann. Þekkingarnet Austurlands heldur nú um mundir fjölda námskeiða í íslensku fyrir útlendinga og Afl-starfsgreinafélag er duglegt við að styðja við og sinna þessum einstaklingum.

5. Fundargerðir OSSSA og SASSA .

5/1 Fundargerð OSSSA frá 18. des. 07.

Lögð fram til kynningar

5/2 Fundargerð SASSA frá 6. febrúar 08.

Lögð fram til kynningar.

6. Samstarfsverkefni SSA :

6/1 Samstarf SSA og ÞFA : 25 ára afmæli ÞFA 28. mars.

Framkvæmdastjóri hefur tekið saman stutt yfirlit um samstarf SSA og Þróunarfélagsins sl. 25ár. Iðnaðarnefnd SSA var undanfari Iðnþróunarfélags Austurlands ,sem stofnað var á Seyðisfirði 1983. Fyrsti iðnaðarráðunautur á landinu var ráðinn til Iðnaðarnefndar SSA 1980 . Samstarf SSA og Iðnaðarnefndar/ Iðnþróunarfélags/ Atvinnuþróunarfélags/nú Þróunarfélags Austurlands hefur verið allnáið þessi ár. Framkvæmdastjóra falið að mæta í afmælisfagnaðinn 28. mars. nk. og flytja afmælisbarninu heillaóskir með þakklæti fyrir gott og árangursríkt samstarf.

6/2 Verkefnisstjórn SSA : Eftirfylgni:Svona gerum við.

Nú hefur nýr verkefnisstjóri og nýr formaður í verkefni Fjarðabyggðar tekið til starfa og verkefnið því komið á fullt skrið aftur eftir hægagang frá sl. áramótum. Fundi eftirfylgnisteymi SSA með verkefnisstjórn Fjarðabyggðar sem átti að vera í febr/mars var því frestað til apríl mánaðar nk.

6/3 Verkefnisstjórn SSA: Lausn á meðferð og úrvinnsla úrgangs :

Fundargerðir. 23/11 07-11/12 07- 24/1 08- S.ísl.sv 18/2 08.

Vinna verkefnisstjórnar gengur samkvæmt áætlun . Viðtölum og söfnun upplýsinga er að mestu lokið . Verkefnisstjóri Hafliði Hafliðason og Viðar Kristjánsson starfsmaður Hönnunar e.h.f eru nú að vinna úr fyrirbyggjandi upplýsingum. Stefnt er að því að í næsta mánuði liggi fyrir ákveðinn “pakki” upplýsinga ,sem síðan verður sendur á valin fyrirtæki , með ósk um að þau kynni nefndinni tillögur sínar um “Heildarlausn á meðferð og úrvinnslu úrgangs fyrir svæðið Austurland”

6/4 Söguritun S.G. : Samstarf sveitarstjórna á Austurlandi.

Verkefnið gengur samkvæmt áætlun .

7. Norðausturnefndin:

7/1 Forsætisráðuneytið bréf 23. jan.08 .

Í bréfinu er tilkynnt samþykkt ríkisstjórnarinnar um að skipa nefnd “ Norðausturnefndina “ sem á að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf og samfélag í fámennum byggðarlögum. Framkvæmdastjóri SSA er skipaður í nefndina.

(sjá lið 5/3 í fundargerð stjórnar SSA 18. janúar .sl.)

7/2 Bréf frá Norðausturnefndinni v/ fundur 6. febrúar 08.

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi bréf frá nefndinni til þeirra sveitarfélaga á Austurlandi sem falla undir verkefni nefndarinnar (Djúpivogur, Breiðadalshreppur , Seyðisfjörður, Borgarfjörður og Vopnafjörður.)

Hann upplýsti að til nefndarinnar hafi borist 130 tillögur þar af um helmingur frá sveitarfélögunum 5 á Austurlandi. Ráðuneytin hafa nú fengið tillögurnar til skoðunar og nefndin hefur (10. og 11.mars) og mun síðan (27. mars og 14. apríl) hitta fulltrúa ráðuneytanna á verkfundum í Reykjavík þar sem farið verður yfir tillögurnar. Stefnt er á að vinnu nefndarinnar ljúki fyrir 1. maí og þá skili nefndin af sér til forsætisráðherra. Fundur með heimamönnum verður síðan væntanlega í maí mánuði þegar fyrir liggja viðbrögð forsætisráðherra við vinnu nefndarinnar.

8. Samráðsfundur “ Samtaka fámennari sveitarfélaga “ 3.apríl nk.

Boðaða er til samráðsfundar á Nordica hotel daginn fyrir landsþingið kl. 20.00.

Gert er ráð fyrir góðri mætingu . Dagskrá liggur ekki fyrir.

9. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga br. 12.febr.08 . Framlag 2008

Ráðgjafanefnd jöfnunarsjóðsins tilkynnir að áætlað framlag sjóðsins til landshlutasamtakanna 2008 verði alls 138.3 milljónir kr. Framlagið skiptist jafnt á 8 landshlutasamtök og er því á hvert þeirra kr. 17.292.000.

Framlagið er um 1.9 milljónum hærri en gert er ráð fyrir í yfirstandandi fjárhagsáætlun SSA.

Framkvæmdastjóri leggur fram svohljóðandi tillögu,

Auknum áætluðum jöfnunarsjóðstekjum SSA verður varið þannig í ár.

Sérverkefnið: Eftirfylgni Svona gerum við kr. 500.000.

Sérverkefni : Lausn á meðferð og úrvinnslu úrgangs á Austurlandi kr. 1.000.000.

Óráðstafað: kr. 400.000.

Framkvæmdaráð SSA samþykkir tillöguna fyrir sitt leiti en vísar henni til endanlegrar afgreiðslu í stjórn SSA.

10. Menningarráð Austurlands : Úthlutun menningarstyrkja 2008

Menningarráð Austurlands úthlutaði 6. febrúar sl. menningarstyrkjum fyrir árið 2008.

Úthlutað var 31.8 millj.kr. til 85 verkefna.

Nýstaðfestur, endurnýjaður, Samstarfssamningur ríkisins, SSA og aðildar- sveitarfélaganna er mikill styrkur fyrir kröftugt og metnaðarfullt menningarstarf sem unnið er í landshlutanum.

11. Umhverfisnefnd Alþingis : Umsögn óskast.

Skipulagslög ,374. mál –Mannvirki ,375. mál-Brunavarnir ,376. mál

Skipulagsmálin eru einn sá málaflokkur sem verður æ fyriferðarmeiri og sérhæfðari hjá sveitarfélögunum. Framkvæmdastjóri upplýsti að Guðjón Bragason hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga væri með frumvörpin til skoðunar og umsagnar.

Framkvæmdaráð SSA samþykkir að framkvæmdastjóri og formaður sendi umsögn með vísan í umræður og eftir skoðun umsagnar G.B.

12. Aðalfundur SSA 2008 á Djúpavogi : Dagssetning .

Formaður sagði að aðstaða ætti að vera til staðar hjá Hótel Framtíðin og í Grunnskólanum. Tímasetningar sem koma til greina eru eftir miðjan september.

Form. og framkvæmdastjóra falið að ganga endanlega frá dagssetningu og senda út til upplýsingar aðilum sem fyrst.

13. Fundur Form. og framkvæmdastjóra með Hornfirðingum 7. mars. sl.

Formaður sagði frá því að hann og framkvæmdastjóri hafi mætt til fundar við bæjarstjóra , forseta bæjarstjórnar ,formann bæjarráðs og forst.mann fræðslusviðs á Hótelinu á Hornafirði 7. mars. sl.

Þar voru kynntar þær hugleiðingar Hornfirðinga um að nú væri komið að því að þeir vilji endurskoða sína stöðu , í ljósi breyttra aðstæðna ,í samstarfi innan SSA.

Reglulega hafa spurningar vaknað upp hvort hagsmunum sveitarfélagsins væri betur borgið í SASS. Umræða hefur farið fram í bæjarráði Hornafjarðar og fyrir liggur minnisblað bæjarstjóra frá 11. febrúar sl. þar sem settir eru fram kostir og gallar í núverndi stöðu.

Við kjördæmabreytinguna 1999 völdu Hornfirðingar að fylgja Suðurkjördæmi og þeirri ákvörðun hefur t.d. fylgt að þeir eiga ekki “samleið” með öðrum aðildarsveitarfélögum SSA með aðgang að þingmönnum og ýmsum verkefnum sem setur aðkomu þeirra að Alþingi og ríkisvaldinu í “skrítna” stöðu í samstarfi SSA.

Þeir taka það skýrt fram að samstarf allt innan SSA hafi alla tíð byggst á traustri , öflugri og árangursríkri samvinnu aðildarsveitarfélaganna og ef af verður þá er mikil eftirsjá af því góða samstarfi sem staðið hefur í rúm 40 ár. Þeir upplýstu að ef til komi þá muni þeir koma ósk sinni formlega á framfæri til stjórnar SSA fyrr en síðar.

Samstarfsverkefni sem þeir eru þátttakendur með sveitarfélögum og eða öðrum aðilum á Austurlandi s.s Menningarsamningur Vaxtarsamningur, Stefnumótun Svona gerum við , Heildarlausnir í úrgangsmálum. Þekkingarnet Austurlands . Þróunarfélag og Þróunarsjóður verða skoðuð sérstaklega , sum eru tímabundin , með hagsmuni beggja aðila að leiðarljósi.

Formaður og framkvæmdastjóri sögðu að ef bæjarstjórn Hornafjarðar taki þá afstöðu að ganga úr SSA í SASS muni það veikja starfsemi SSA þar sem sveitarstjórnarmenn á Hornfirði hafi ávallt verið öflugir samstarfsaðilar og útverðir SSA í suðri.

Hornfirðinga er hinsvegar valið og með kosningu íbúanna 1999 er þeir “kusu sig suður” má segja að fyrsta skrefið hafi verið tekið.

Skipulagsreglur/ samþykktir SSA kveða á um hvernig farið er með úrsögn.

Framkvæmdastjóri segist ekki geta leynt vonbrigðum sínum, ef af verður.

14. Önnur bréf /erindi sem borist hafa:

14/1 : Stuðningur við “ Meira Austurland : Framtíðarlandið br. 18. febr. 08

Framkvæmdaráð SSA samþykkir að styrkja aðildarsveitarsveitarfélag SSA, sveitarfélagið Hornafjörð ,um kr. 50.000.

Sveitarfélagið er þátttakandi og styrktaraðili að málþingi Framtíðarlandsins” Meira Austurland” sem haldið var á Hornafirði 8. mars. sl.

14/2 : Málþing um íslenskukennslu og móttöku útlendinga .

Málþingið var skipulagt af Þekkingarneti Austurlands og Þróunarfélagi Austurlands og var haldið 6. mars sl . að Vonarlandi Egilsstöðum. Þingið tókst vel þrátt fyrir að ekki kæmust allir á þingstað vegna erfiðrar færðar í landshlutanum.

14/3 *Tilnefning SSA í stjórn Fræðaseturs H.Í. á Austurlandi /Egilsstöðum.*

Ósk hefur borist frá undirbúningsnefnd Fræðasetursins að SSA tilnefni einn mann í stjórn.

Framkvæmdaráð SSA samþykkir að tilnefna Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóra Djúpavogi fulltrúa SSA í stjórn Fræðaseturs H.Í. á Austurlandi / Egilsstöðum.

15. Önnur mál.

15/1 Lokun starfsstöðvar Fasteignamats ríkisins á Austurlandi /Egilsstöðum.

Framkvæmdastjóra og formanni falið að koma á framfæri hörðum mótmælum framkvæmdaráðs SSA, við lokuninni.

Afrit samþykta Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs sama efnis höfðu borist SSA.

Fleira ekki tekið fyrir og formaður sleit því fundi .

Sign : Þorvaldur Jóhannsson